

ÁFANGASKÝRSLA UM SJÁLFSMAT

GRUNNSKÓLA FJALLABYGGÐAR

2014-2015



Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
1 SJÁLFSMATSÁÆTLUN GRUNNSKÓLA FJALLABYGGÐAR 2015-2018	5
2 EINKUNNABLÖÐ FYRIR EINSTAKA GÆÐAGREINA	7
3 ÞRÓUNARÁÆTLANIR	11
5 HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR Á MEÐAL STARFSMANNA GRUNNSKÓLA FJALLABYGGÐAR Í MARS 2015	13
6 NIÐURSTÖÐUR NEMENDAKÖNNUNAR Í 6.-7. BEKK 2015.....	15
7 NIÐURSTÖÐUR NEMENDAKÖNNUNAR Í 8.-10.BEKK 2015.....	16
6 NIÐURSTAÐA FORELDRAKÖNNUNAR Í 1.-7.BEKK 2015.....	17
7 NIÐURSTAÐA FORELDRAKÖNNUNAR Í 8.-10.BEKK 2015	18

Inngangur

Í gildandi lögum um grunnskóla (lög nr. 91/2011, 36 gr.) er kveðið á um innleiðingu sjálfsmats í skólum. Tilgangur sjálfsmats er að kanna, hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Sjálfsmat án markvissrar umbótavinnu í kjölfarið er lítils virði. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim mynda þannig órjúfanlegt hringferli.

Haustið 2010 var Grunnskóli Fjallabyggðar stofnaður. Um leið voru Grunnskóli Ólafsfjarðar og Grunnskóli Siglufjarðar lagðir niður. Við stofnun skólans var elsta stig sameinað, 8. – 10.bekkur, í skólahúsinu við Hlíðarveg á Siglufirði. Áfram var 1.-7.bekk kennt í skólahúsinu við Tjarnarstíg Ólafsfirði og Norðurgötu Siglufirði.

Í kjölfarið hófst vinna við gerð nýrrar skólanámskrár og ákveðið að taka upp stefnuna Uppeldi til ábyrgðar og setja saman skólareglur og viðbrögð við brotum á þeim út frá þeirri stefnu. Fyrstu tvö skólaárin fóru í það að gera skólanámskrá og skólareglur og sníða helstu annmarka af jafnóðum og þeir komu í ljós. Á sama tíma var verið að slípa til starfið við Hlíðarveg þar sem ný skólamenning varð til í sameinuðum árgöngum.

Haustið 2012 var tekið næsta skref í sameiningu árganga. Þá sameinuðust árgangar á miðstigi eða 5.-7.bekkur í skólahúsinu við Tjarnarstíg í Ólafsfirði. Það sama haust var hafist handa við sjálfsmat með sjálfsmatstækinu Gæðagreinar 2. Sjálfsmatsáætlun var gerð og vinna við gæðagreini 7 hófst. Sú vinna datt upp fyrir þar sem mikill tími fór í annað innra starf í kjölfar sameiningu miðstigsins. Ekki vannst tími til að halda áfram með sjálfsmatið.

Í ársbyrjun 2015, á skólaárinu sem nú er að ljúka, var blásið til leiks á ný. Ný sjálfsmatsskýrsla var unnin og fyrsti gæðagreinir unninn.

Gæðagreinir 2

Gæðagreinar eru hjálpartæki við sjálfsmat skóla. Efnið var upphaflega þýtt 1999 úr skosku sjálfsmatskerfi sem kallast How Good is Our School? Gæðagreinar 2 er þýðing á nýjustu útgáfu Skotanna. Skólaskrifstofa Skagfirðinga þýddi og staðfærði tækið yfir á íslensku og íslenskar aðstæður.

Gæðagreinar hjálpa skólum við að svara spurningunum:

- hvernig stöndum við okkur?
- hvernig vitum við það?
- hvað gerum við næst?

Nánari upplýsingar og gögn um Gæðagreina 2 er að finna á heimasíðunni:

<http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar/efni.html>

Gæðagreinar 2 gerir ráð fyrir því að allir kennarar / allir starfsmenn komi að vinnu við að skoða og ígrunda innra starf skólans á markvissan hátt. Þáttum í starfinu eru gefnir einkunn eftir því hvernig starfsfólk telur að skólinn standi að vígi og umbótaáætlun er gerð í kjölfarið. Gæðagreinar 2 skiptist í lykilkætti sem taka yfir ákveðna þætti í skólastarfinu.

Lykilkættirnir eru níu: Heildarárangur, áhrif á nemendur, áhrif á starfsfólk, áhrif á samfélagið. Menntun, stefnumótun og áætlanagerð, starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk, samvinna og búnaður, forysta.

Hverjum lykilkætti er síðan skipt í einn til níu gæðagreina, sem hver um sig er byggður upp á tilteknum þemum.

Öftustu dálkarnir sex eru fyrir einkunnagjöf, sem hver gæðagreinir hlýtur, á bilinu 1– 6.

Einkunnin 6 þýðir **Framúrskarandi** sem þýðir að þá er skólinn framúrskarandi og leiðandi á þessu sviði.

Einkunnin 5 þýðir **mjög gott** og lýsir afar sterkum þáttum.

Einkunnin 4 þýðir **gott**, en þá eru mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri.

Einkunnin 3 þýðir **nægilegt**, en þá rétt ná sterk atriði að vega meira en slök.

Einkunnin 2 þýðir **slakt**, en þá eru mikilvæg atriði slök.

Einkunnin 1 þýðir **ófullnægjandi** sem lýsir afar slökum þáttum.

Allir kennarar skólans og stundum allir starfsmenn vinna að sjálfsmatinu. Undirbúningur að matsvinnunni hefur verið í höndum námskrárteymis og skólastjóra. Verkáætlun gerir ráð fyrir að vinnan við að fara í gegnum alla Gæðagreinana níu taki þrjú ár. Sjá sjálfsmatsáætlun á næstu síðu.

Nú á vorönn var unnið að gæðagreini 5.4 og 5.5. Einnig voru unnar þróunaráætlanir út frá þessum gæðagreinum. Ætlunin var að taka fyrir fleiri gæðagreina í þema 5 en ekki vannst tími til þess. Mikið af fundartíma kennara fór í að ræða og vinna nýtt vinnumat kennara sem bitnaði á sjálfsmatinu. Haldnir voru 3 sjálfsmatsfundir á vorönninni sem allir kennarar skólans sátu. Í kjölfar þróunaráætlunar var hafist handa við vinnu að nýju námsmati í skólanum í anda nýrrar aðalnámskrá. Skoðað var hvað aðrir skólar voru búnir að gera. Í kjölfarið var haft samband við skólastjóra Giljaskóla og leyfi fengið til að styðjast við útfærslu þeirra á námsmati samkvæmt aðalnámskrá með áherslu á lykilhæfni og hæfniviðmið námsgreina. Námsmatið var skoðað á tveimur sjálfsmatsfundum. Sú vinna þarf að halda áfram strax í byrjun næsta skólaárs.

Ekki tókst að ljúka við vinnu á Gæðagreini 5 og þarf því að klára hann á næsta skólaári.

Þá voru viðhorfskannanir lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn. Samantektir úr niðurstöðum þeirra er að finna í þessari skýrslu.

Þá var einn vinnufundur tekinn undir SVÓT greiningu og tilgangur var að gera upp skólaárið m.t.t. styrkleika, veikleika, ógnana og tækifæra en þetta er fyrsti veturinn sem skólastarf er einungis á tveimur starfsstöðvum. Niðurstaða greiningarinnar er að finna hér aftar í skýrslunni.

1 Sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar 2015-2018

Við sjálfsmat í Grunnskóla Fjallabyggðar er stuðst við sjálfsmatstækið Gæðagreinir 2. Auk þess er fengist við annað mat á starfi skólans s.s. með viðhorfskönnunum meðal nemenda, foreldra og starfsmanna með Skólapúlsinum. Auk þess fást upplýsingar í starfsmannaviðtölum sem nýtast við sjálfsmat skólans.

Verkátun: Stefnt er að því að fara í gegnum alla Gæðagreinana níu á þremur skólaárum. Í lok hvers skólaárs skima allir starfsmenn alla gæðagreina og sjálfsmatsskýrsla er unnin. Þá verður lokaskýrsla unnin í lok tímabils.

Tímabil vinnunnar	Viðfangsefni
Vorönn 2015	Gæðagreinir 5: Menntun - kennarar Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur
Haustönn 2015	Gæðagreinir 2: Áhrif á nemendur - kennarar Gæðagreinir 3: Áhrif á starfsfólk – Allir starfsmenn Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október)
Vorönn 2016	Gæðagreinir 4: Áhrif á samfélagið – kennarar Gæðagreinir 6: Stefnumótun og áætlanagerð - kennarar Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Skimun á öllum gæðagreinum – allt starfsfólk Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur
Haustönn 2016	Gæðagreinir 7: Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk – allir starfsmenn Gæðagreinir 8: Samvinna og búnaður – allir starfsmenn Nemendakönnun, Skólapúlsinn (október)
Vorönn 2017	Gæðagreinir 1: Heildarárangur – kennarar

	<p><i>Gæðagreininir 9:</i> Forysta – allir starfsmenn</p> <p>Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Skimun á öllum gæðagreinum – allt starfsfólk Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur</p>
Vorönn 2018	<p>Foreldrakönnun, Skólapúlsinn (febrúar) Starfsmannakönnun, Skólapúlsinn (mars) Nemendakönnun, Skólapúlsinn (apríl) Sjálfsmatsskýrsla - stjórnendur</p>

2 Einkunnablöð fyrir einstaka gæðagreina

Gæðagreininir 5.4

Lykilþáttur 5

Mat í þágu náms/leiðsagnarmat

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Námsmat okkar er byggt á skipulegum samskiptum og umræðum við nemendur og byggir á grunduðum og krefjandi spurningum um árangur í námi.				X		
B	Við notum fjölbreyttar aðferðir til að virkja nemendur í umræður um eigin skilning og framfarir.			X			
C	Við veitum nemendum okkar vandaða endurgjöf og hjálpum þeim að skilja næstu skref í náminu.				X		
D	Nemendur okkar taka sjálfir þátt í að meta eigin framfarir og taka reglulega þátt í jafningjamati.				X		
E	Við lögum kennslu okkar og þann stuðning sem veittur er nemendum, að niðurstöðum leiðsagnarmats.				X		
F	Við skipuleggjum góð námsverkefni byggð á þekkingu okkar á námi, námsárangri og þroska nemenda.					X	
G	Við þekkjum vel og bregðumst við þörfum allra nemanda, styrkjum færni þeirra og hæfileika og tókum mið af fyrra námi þeirra.				X		
H	Við notum upplýsingar úr námsmati vel til að meta nám og kennslu og stuðla að bættu skólastarfi.				X		
I	Nemendur taka virkan þátt í samræðu um hvað eigi að læra og hvernig eigi að bæta námsárangur.				X		
J	Við skoðum og metum hvern einstakling gaumgæfilega.					X	
K	Við deilum reynslu af námsmati okkar með samstarfsfélögum og ræðum hana til að tryggja að námskröfur séu samræmdar, fylgjumst með árangri og notum upplýsingarnar við námsáætlanagerð.			X			
L	Við metum nemendur skv. nýrri Aðalnámskrá	X					

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

- Viljum að breyting verði gerð á leiðsagnarmati, t.d. markmiðsblöð.
- Að samræma annirnar. Hafa t.d. tveggja anna kerfi. Fyrri önn lýkur um miðjan jan/lok jan.

M									
N									

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Sveigjanleiki í kennsluháttum og leiðsögn.
- Við reynum að einstaklingsmiða út frá námsmati og notum fjölbreyttar leiðir til þess.
- Skólinn ekki of stór og góð tengsl við nemendur og starfsfólk.
- Einstaklingsmiðað nám haft í fyrirrúmi.
-

Veiku hliðarnar okkar:

- Leiðsagnarmatið/frammistöðumatið er ekki rétta aðferðin til að ná fram skilningi nemenda á því sem þeir þurfa að bæta. Nemendur horfa ekki á matið sem tæki til að ná fram sínu besta.
- *Ákveðinn veikleiki að vera með 1.-4. bekk á tveimur stöðum þar sem námsefni og kennsla er ekki samræmt þar sem þau síðar koma saman í einn bekk!!!!*
- *Spurning hvort námsefni skipti máli ef markmiðin eru þau sömu (byrjendalæsi, Art, Sproti).*
- Vantar meira samstarf á milli allra kennara eins og t.d. verkgreinakennara og umsjónarkennara. Samræma þarf námsmat meira á milli bekkja.
- Námsmat á miðönn hjá verkgreinakennurum eru ómarkviss vegna fárra kennslustunda.
- Að nemendur mættu hafa meira um það að segja hvað eigi að læra, hvernig eigi að bæta námsárangur og hafi meira val í námsmati.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Góð eftirfylgni nemenda og símat.
- Að hver og einn nemandi er skoðaður sérstaklega.

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:				X		

Tillögur um aðgerðir:

- Nýtt leiðsagnarmat (markmiðsblöð)
- Lykilhæfni
- Tvær annir

Þátttakendur í mati: Kennarar

Athugasemdir um gæðagreini:

Gæðagreinir 5.5
Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Lykilþáttur 5

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4	5	6
A	Skólinn okkar hefur trú á getu sinni til að ná árangri í skólastarfi.					x	
B	Við væntum þess ávallt að nemendur nái sínum besta námsárangri.					x	
C	Við ætlumst einnig til þátttöku og góðrar hegðunar og gerum nemendum og foreldrum grein fyrir því.					x	
D	Við hrósum fyrir árangur að vel athuguðu máli og við hrósum bæði einstaklingum og nemendahópum.					x	
E	Nemendur kunna að meta hrós sem þeir hafa unnið fyrir og það hvetur þá áfram.					x	
F	Nemendur hafa miklar væntingar til sjálfra sín og annarra.				x		
G	Þeir hafa skilning á námsárangri og bregðast vel við tækifærum sem þeir fá til að bera ábyrgð.			x			
H	Vinna nemenda er sýnileg í skólastofum, í opnum rýmum í skólanum og á öðrum stöðum í samfélaginu.			x			
I	Árangur nemenda utan hefðbundins skólastarfs er metinn og haldið á lofti í skólanum.			x			
J	Við vitum að allir geta lært og tekið framförum og það endurspeglast í viðhorfum okkar og störfum.					x	
K	Við leitum allra leiða til að tryggja að nemendur eigi ekki á hættu að fara á mis við námstækifæri.					x	
L	Við gerum nemendum okkar kleift að ná árangri.					x	
M	Áhugi nemenda okkar endurspeglast í jákvæðu viðhorfi þeirra til náms, árangurs og framfara.			x			
N	Við notum fjölbreyttar aðferðir til endurgjafar þegar við fögnum góðum árangri nemenda, nemendahópa, starfsfólks og skólasamfélagsins í heild.			x			
O	Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og reist á grunni gagnkvæmrar virðingar og sjálfsvirðingar innan liðsheildar		x				

	þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð.						
P	Nemendur okkar koma vel fram og taka tillit til annarra.				x		

Í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Vilja, kraft og þor.

Metnaðarfullur skóli.

Valgreinar á unglingsstigi.

Framhaldsskólanám.

Einstaklingsmiðað nám.

Starfsnám – jákvætt viðhorf vinnustaða til þess, viðurkennt í samfélaginu – vel haldið utan um það.

Fjölhæfur starfsmannahópur sem hefur trú á nemendum og getur aðlagð sig að öllum nemendum.

Veiku hliðarnar okkar:

Skortir tíma og stundum vilja.

Veikir kennarar.

Skortur á tíma v/ endurmenntunar (t.d. ekki allir sem fengu að fara í ART).

Vantar meiri mannskap til að styðja alla nemendur (líka þá sem eru komnir á undan í námi).

Þurfum að vera sýnilegri í samfélaginu – nýta betur fyrirtæki og stofnanir.

Nemendur mega gera sér betur grein fyrir tilgangi náms fyrir framtíðina.

Við getum fylgst betur með því sem nemendur gera utan skóla t.d. í tónskóla á íþróttamótum o. fl. – víkka sjóndeildarhringinn.

Við þurfum meiri tíma í innleiðingu á nýjum stefnum – minni nýjungagirni!!

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Tvö sjónarmið eru ríkjandi:

a) Að sameina yngsta stigið á einn stað þar sem nemendur fá að vera stöðugur hluti af heild.

b) Yngstu börnin fá að vera í sínu nærumhverfi.

Við reynum að mæta þörfum allra nemenda hvort sem þeir skara fram úr eða þurfa á stuðningi að halda. Einstaklingurinn er í fyrirrúmi.

		1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x		

Tillögur um aðgerðir: Meiri tími og krafa á samvinnu. Opna fyrir teymiskennslu.

Þátttakendur í mati: Kennarar

Athugasemdir um gæðagreini:

3 Þróunaráætlanir

Grunnskóli Fjallabyggðar

Þróunaráætlun

2014-2015

Gæðagreinir nr.
5.4

<p>Markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> Auka þátttöku nemenda í námsmati. Að uppfæra námsmat þannig að það falli að áherslum Aðalnámsskrár grunnskóla 	<p>Hvernig vitum við að því er náð?</p> <ul style="list-style-type: none"> Þegar námsmat miðast við nýjar áherslur AG Áherslur skráðar í skólanámsskrá 	<p>Yfirumsjón Skólastjóri Námsskrárteymi</p>
---	---	---

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
<p>-Samræma kennslu og námsmat í yngstu bekkjunum. -Vinna skv. nýrri Aðalnámsskrá í námsmati <u>-Samræma námsmat – samfella í árgöngum</u> -Tvær annir <u>-Upplýsingaflæði/samvinnu á milli verkgreinakennara og umsjónarkennara (deildarfundir ekki nóg því oft vantar verkgreinakennara)</u> -Virka nem. meira í samræðum um nám og námsmat sjálfs- og jafningjamat. <u>-Bæta frammistöðumat og aðlaga það að nýju Aðalnámsskránni t.d. að aðlaga það að aldri nemenda.</u></p>	<p><u>Skólastjórar</u> Allir <u>Allir</u> Skólastjórnendur <u>Allir</u> Kennarar <u>Kennarar</u></p>	<p><u>Sem fyrst (vor)</u> Aldrei <u>Aldrei</u> Sem fyrst (vor) <u>Aldrei</u> Sem fyrst <u>Sem fyrst</u></p>	<p><u>Vilja, samvinnu.</u> Áhuga, vilja, dugnað <u>Vilja til samvinnu</u> Vilja (nú er símat, ekki lengur stóru lokaprófin) <u>Samvinnu og vilja</u> Samstarf, tími. <u>Samstarf og tími.</u></p>	<p><u>Lokið/ólokið</u> Símat <u>Lokið/ólokið</u> Lokið/ólokið <u>Ánægðir nemendur, starfsfólk og foreldrar</u> Sáttari nemendur. <u>Betri þátttaka að frammistöðumati.</u></p>

Grunnskóli Fjallabyggðar

Próunaráætlun

2014-2015

Gæðagreinir nr.
5.5

<p>Markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> Auka ábyrgð nemenda Auka árangur í námi og starfi nemenda og starfsfólk 	<p>Hvernig vitum við að því er náð?</p> <ul style="list-style-type: none"> Skoða niðurstöður í könnunum Skólapúlsins. Þar eru þessir þættir metnir 	<p>Yfirumsjón Skólastjóri Námskrárteymi</p>
---	--	--

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
<u>Bæta samskipti og virðingu í skólasamfélaginu</u>	<u>Allir</u>	<u>Aldrei</u>	<u>Jákvæðni, árshátíð ☺</u>	<u>Ánægt skólasamfélag</u>
Fá nemendur til að taka meiri ábyrgð á námi sínu	Nemendur, starfsfólk, foreldrar	Aldrei	Samvinnu	Ábyrgir nemendur
<u>Fylgjast meira með áhugamálum nemenda og starfsfólks utan skólans</u>	<u>Allir</u>	<u>Aldrei</u>	<u>Samskipti</u>	<u>Ánægja og metnaður í skólanum</u>
Efla og aðlaga endurmenntun hvers og eins	Skólastjórnendur	Sem fyrst	Tíma og peninga	Starfsmannasamtöl
<u>Vantar meiri stuðning/teymisvinnu/aðstoð í bekk</u>	<u>Stjórnendur</u>	<u>Sem fyrst</u>	<u>Skipulag/vilja/pening</u>	<u>Símat</u>
Fleiri umsjónarkennara, t.d. tveir með bekk	Stjórnendur	Sem fyrst	Skipulag/vilja/pening	Símat

5 Helstu niðurstöður könnunar á meðal starfsmanna Grunnskóla Fjallabyggðar í mars 2015

Könnunin er liður í sjálfsmati skólans. Skólinn notar vefkerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja starfsmenn í skólanum um: stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuaðstöðu, álag og áreitni og einelti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir að gefa upplýsingar um: viðhorf til skólans, aðstæður til kennslu, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, endurgjöf og námsmat. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Fram kemur að:

- Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks sem sinnir kennslu er 9,5 á meðan landsmeðaltal er 10,4
- Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við önnur störf er 16,7 en landsmeðaltalið er 22,2
- 36,4% af heildarstöðugildum við skólann er varið í önnur störf en kennslu en á landinu er það hlutfall 32%
- 8% kennara við skólann eru karlmenn en á landinu er það hlutfall 18%
- Allir kennarar við skólann eru með háskólamenntun
- 15% nemenda við skólann fá sérkennslu en á landinu er það hlutfall 17,5%
- 14,5% nemenda við skólann fá sérstuðning annan en sérkennslu en 6% á landinu öllu
- Hlutfall barna í skólanum sem eru með íslensku sem annað tungumál er 8% en á landinu er það hlutfall 6,3%
- Fjöldi nemenda á hverja tölvu í skólanum er 5 en landsmeðaltal sýnir að 6 nemendur eru á hverja tölvu

Það sem vel er gert að mati starfsmanna eða könnun sýnir að er fyrir ofan landsmeðaltal:

- Starfsánægja í skólanum mælist á pari við landsmeðaltal, þ.e. 5,2
- 95% starfsfólks finnst nýlegt starfsmannaviðtal hafa verið mjög eða frekar gagnlegt. Landsmeðaltal 86%
- 10% starfsfólks varð fyrir áreitni á síðustu 12 mánuðum af hálfu starfsfólks, nemenda eða foreldra. Slíkt hlutfall er 17% á landsvísu.
- Upplýsingastreymi innan skólans fær einkunnina 5,5 þar sem landmeðaltal er 4,9
- Starfsmenn gefa stjórnun skólans einkunnina 5,4 en landsmeðaltal þar er 5,0
- Einstaklingsvinna í bekk – hlutfall kennara sem láta nemendur vinna sjálfstætt alltaf eða næstum alltaf er 53% þar sem landsmeðaltal er 32%

- Einstaklingsmiðuð kennsla. 70% kennara segjast nota einstaklingsmiðaða kennslu næstum alltaf eða alltaf. Landsmeðaltal er 48%
- Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum er 80%. Landsmeðaltal er 73%
- Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara fær einkunnina 5,1. Landsmeðaltal er 5,0
- Samvinna um kennslu fær einkunnina 5,4. Landsmeðaltal er 5,1
- Valddreifing við ákvarðanatöku fær einkunnina 5,1. Landsmeðaltal 4,9
- Vinnuáætlunir kennara fá töluna 5,6. Landsmeðaltal er 5,2.

Það sem betur má fara eða niðurstöður starfsmannakönnunar sýna undir landsmeðaltali.

- Ánægja með kennarastarfið fær einkunnina 4,8 þar sem landsmeðaltal er 5,3
- Trú kennara skólans á eigin getu fær einkunnina 4,0 þar sem landsmeðaltal er 4,7
- Starfsandi innan skólans mældist 4,9 en er 5,1 á landinu öllu
- Hlutfall kennara sem undirbúa kennslu aðallega eða eingöngu í skólanum er 50%. Sambærilegt hlutfall á landsvísu er 65%.
- Stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarörðugleika fær einkunnina 4,7. Landsmeðaltal er 5
- Hópavinna í bekk mælist 20% en á landinu 27%
- Einelti meðal starfsfólks mælist með tíðnina 13% sem er á pari við landsmeðaltal
- Samráð um kennslu fær einkunnina 4,5. Landsmeðaltal 5.
- Umfang mats og endurgjafar til kennara mælist 55% en 62% á landinu öllu
- Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum mælist 41% en 48% á landinu öllu
- Nýting á niðurstöðum kennaramats er 4,5. Landsmeðaltal er 4,8
- 74% kennara hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði en þeir fengu. Sambærilegt hlutfall á landsvísu er 63%.

6 Niðurstöður nemendakönnunar í 6.-7. bekk 2015.

Um er að ræða meðaltal mælinga í október 2014 og apríl 2015.

Könnunin er liður í sjálfsmati skólans. Hún var lögð fyrir með vefkerfinu Skólapúlsinn og er ætlað að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í skólanum um virkni þeirra í skólanum, líðan og skóla- og bekkjaranda. Könnunin var lögð fyrir í október og síðan aftur í apríl. Hér eru eingöngu dregnar fram þær niðurstöður sem víkja frá meðaltali á landsvísu. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Það sem vel er gert að mati nemenda í 6.-7. bekk og könnun sýnir að er fyrir ofan landsmeðaltal:

- *Áhugi á stærðfræði* fær einkunnina 5,7 en landsmeðaltal er 5,5
- *Samband nemenda við kennara sína* fær einkunnina 6,0 þegar landsmeðaltal er 5,5
- *Virk þátttaka nemenda í tímum* fær einkunnina 5,7. Landsmeðaltal er 5,4
- *Mikilvægi heimavinnu í náminu* fær einkunnina 5,8 þegar landsmeðaltal er 5,0
- *Prautseigja í námi* fær einkunnina 5,8 landsmeðaltal er 5,6
- *Trú á eigin námsgetu* fær einkunnina 5 en landsmeðaltal er 4,7
- Þátturinn *Vellíðan* hækkaði töluvert milli mælinga. Í október var sá þáttur með einkunnina 3,8 en í apríl með 4,8. Landsmeðaltal þessa þáttar er 4,6
- Þátturinn *Samsömun við nemendahópinn* hækkaði einnig mikið milli mælinga. Í október var sá þáttur með einkunnina 3,9 en í apríl með 4,9. Landsmeðaltal er 4,9

Það sem betur má fara og niðurstöður nemendakönnunar sýna undir landsmeðaltali.

- Þátturinn *Ánægja af náttúrufræði* virðist fara dalandi. Í október mældist hann 4,9 en við seinni mælinguna í apríl mældist hann 4,4. Landsmeðaltal er 4,9
- Liðurinn *Einelti* fær einkunnina 5,9 í skólanum en er með landsmeðaltalið 5,3
- *Agi í tímum* er undir landsmeðaltali, fær einkunina 3,8 en landsmeðaltalið er 5,1. Annar bekkurinn sker sig reyndar verulega úr við þessa mælingu og fær mælitöluna 2,5 á meðan hinn bekkurinn er yfir landsmeðaltali með einkunnina 5,8
- *Samsömun við nemendahópinn* er undir landsmeðaltali hjá okkur, fær einkunnina 4,7 en landsmeðaltal er 5,1
- Liðurinn *Trú á eigin vinnubrögðum í námi* mældist með einkunnina 4,6 en landsmeðaltal er 4,9
- Liðurinn *Sjálfsálit* fær einkunnina 4,3 en landsmeðaltalið er 5,0. Þó ber að geta að liðurinn hækkaði á milli mælinga, var 4,2 í október en 4,5 í apríl
- Hlutfall hreyfingar meðal nemenda í 6.-7. bekk er 65% en 71% á landsvísu

7 Niðurstöður nemendakönnunar í 8.-10.bekk 2015

Um er að ræða meðaltal mælinga í október 2014 og apríl 2015.

Könnunin er liður í sjálfsmati skólans. Hún var lögð fyrir með vefkerfinu Skólapúlsinn og er ætlað að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í skólanum um virkni þeirra í skólanum, líðan og skóla- og bekkjaranda. Könnunin var lögð fyrir í október og síðan aftur í apríl. Hér eru eingöngu dregnar fram þær niðurstöður sem víkja frá meðaltali á landsvísu. Sem viðmiðunarregla er munur uppná 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppná 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppná 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Það sem vel er gert að mati nemenda í 8.-10. bekk og könnun sýnir að er fyrir ofan landsmeðaltal:

- *Prautseigja í námi* mældist með töluna 6,0 en landsmeðaltal er 5,6
- *Hreyfing* nemenda mældist hærri en á landsvísu. Skólinn fékk prósentutöluna 73% á meðan landsmeðaltal er 70%
- *Mikilvægi heimavinnu* mældist einnig marktækt yfir landsmeðaltali. Skólinn fékk mælitöluna 6,0 en landsmeðaltal er 5,0
- *Tíðni eineltis* mældist með hlutfallið 7,5% en 10% á landinu

Það sem betur má fara og niðurstöður nemendakönnunar sýna undir landsmeðaltali.

- Liðurinn *Ánægja af lestri* er langt undir landsmeðaltali. Hann fær einkunnina 4,1 hjá nemendum en landsmeðaltal er 5,0
- Nemendur meta þáttinn *Ánægja af stærðfræði* á 5,1 meðan landsmeðaltal er 5,5
- *Sjálfsálit* fær niðurstöðutöluna 4,4 en landsmeðaltal er 5,0
- *Stjórn á eigin lífi* fær einkunnina 4,7 en landsmeðaltal er 5,0
- *Vellíðan* fær töluna 4,3 en landsmeðaltal er 4,6
- *Einelti* fær einkunnina 5,5 en landsmeðaltal er 5,3
- *Samsömun við nemendahópinn* fær einkunnina 4,3. Landsmeðaltal er 4,9
- Nemendur gefa þættinum *Samband nemanda við kennara* einkunnina 5,0 þegar landsmeðaltalið er 5,5
- *Agi í tímum* fær einkunnina 4,6 en landsmeðaltal er 5,1.
- Liðurinn *Virk þátttaka nemenda í tímum* fær einkunnina 4,9 en landsmeðaltal er 5,4

6 Niðurstaða foreldrakönnunar í 1.-7.bekk 2015

Lögð fyrir í febrúar 2015. Könnunin er liður í sjálfsmati Grunnskóla Fjallabyggðar.

Niðurstöður eru ýmist birtar í prósentutölum eða stigum. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Skólinn er borinn saman við skóla af sambærilegri stærð og aldurssamsetningu.

Sterkar hliðar.

- Foreldrar eru marktækt ánægðari með áherslu skólans á námsmat með hefðbundnum prófum. Munurinn miðað við landsmeðaltal er 6,1%
- Foreldrar eru ánægðari með áherslu skólans á annað námsmat en með hefðbundnum prófum. Munurinn miðað við landsmeðaltal er 1,3%
- Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er marktækt 0,9 stigum yfir meðaltal í sambærilegum skólum.
- Ánægja foreldra með tómsundapjónustu/frístundaheimili er marktækt yfir landsmeðaltali eða upp á 1,5 stig.
- Notkun nemenda á mötuneyti skólans er 6,8% yfir meðaltali í sambærilegum skólum.
- Ánægja foreldra með matseðil/máltíðir skólamötuneytis er yfir meðaltali, munurinn er 1,7% en ekki marktækt þó.
- Virkni foreldra í námi barna sinna er marktækt meiri en í sambærilegum skólum. Munurinn er 0,4 stig.
- Vilji nemenda til að leita eftir aðstoð foreldra í heimanámi er marktækt yfir meðaltali sambærilegra skóla eða 0,7 stig.
- Sá tími sem foreldrar nota í aðstoð við heimanám barna sinna er 24,7% meiri en gengur og gerist í sambærilegum skólum. Munurinn er marktækur.
- Foreldrar eru ánægðari með úrvinnslu úr eineltismálum en í sambærilegum skólum. Munurinn er þó ekki marktækur. Sama gildir um hraða úrvinnslu eineltismála og eineltisáætlun.

Veikar hliðar.

- Líðan nemenda í skólanum almennt er lakari en í sambærilegum skólum. Munar þar 7,8 % sem er marktækur munur. Líðan stúlkna er sambærileg landsmeðaltali en líðan drengja er undir. Þessar niðurstöður eru þó mun betri en í síðustu foreldrakönnun.
- Hæfilegur agi að mati foreldra er undir meðaltali sambærilegra skóla sem nemur 3,3%. Munurinn er þó ekki marktækur.
- Umfang eineltis í skólanum er meira að mati foreldra en í sambærilegum skólum. Munurinn er þó ekki marktækur.
- Líðan nemenda í frímínútum er aðeins undir landsmeðaltali. Munurinn er 1,8%. Líðan drengja er verri en líðan stúlkna að mati foreldra.
- Líðan nemenda í kennslustundum er aðeins undir meðaltali sambærilegra skóla. Munurinn er ekki marktækur. Drengjum líður verr en stúlkum að mati foreldra.

7 Niðurstaða foreldrakönnunar í 8.-10.bekk 2015

Lögð fyrir í febrúar 2015. Könnunin er liður í sjálfsmati Grunnskóla Fjallabyggðar. Niðurstöður eru ýmist birtar í prósentutölum eða stigum. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Skólinn er borinn saman við skóla af sambærilegri stærð og aldursamsetningu.

Sterkar hliðar.

- Foreldrar eru marktækt ánægðari með áherslu skólans á námsmat með hefðbundnum prófum. Munurinn miðað við landsmeðaltal er 10,9%
- Foreldrar eru ánægðari með áherslu skólans á annað námsmat en með hefðbundnum prófum. Munurinn miðað við landsmeðaltal er 10,2%
- Foreldrar eru ánægðari með hversu vel skólinn mætir þörfum nemenda en í sambærilegum skólum. Munurinn er 2,9%.
- Foreldrar telja umfang eineltis í 8.-10.bekk vera minna en í sambærilegum skólum. Munurinn er þó ekki marktækur.
- Ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála er 10,8% hærra en á landsvísu.
- Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans er 11,7% yfir landsmeðaltali.
- Foreldrar telja sig upplýstari um stefnu og námskrá skólans en í sambærilegum skólum. Munurinn er þó ekki marktækur.
- Foreldrar eru ánægðari með sérstuðning í skólanum en í sambærilegum skólum. Munurinn er 9,9%.

Veikar hliðar.

- Ánægja foreldra með nám og kennslu er 0,7 stigum undir landsmeðaltali. sambærilegra skóla. Þessi munur er marktækur. Engin munur á svörum foreldra stúlkna og drengja.
- Hæfilegur agi að mati foreldra er marktækt undir meðaltali sambærilegra skóla sem nemur 12%. Foreldrar drengja telja agann minni en foreldrar stúlkna.
- Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er minni en í sambærilegum skólum. Munurinn er marktækur upp á 0,8 stig. Þegar undirþættir eru skoðaðir kemur í ljós að óánægjan snýr að aðstöðu í frímínútum og til íþróttakennslu.
- Foreldrar eru minna ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur en í sambærilegum skólum. Munurinn er upp á 0,5 stig. Foreldrar stúlkna óánægðari en foreldrar drengja.
- Ánægja foreldra með máltíðir í skólamötuneyti er marktækt undir landsmeðaltali. Munurinn er 24,1%
- Notkun nemenda á skólamötuneyti er lakari en í sambærilegum skólum. Munurinn er marktækur upp á 48,2%
- Foreldrum finnst frumkvæði kennara í foreldrasamskiptum minna en í sambærilegum skólum. Munurinn er marktækur upp á 1,0 stig.
- Foreldrar hafa minni trú á að geta hjálpað barni sínu í námi. Munurinn, sem er marktækur, er 0,8 stig.
- Sá tími sem foreldrar nota til að aðstoða börn sín við heimanám er 29,7 prósentustigum minni en í sambærilegum skólum. Skýring á þessu gæti verið að nemendur fá aðstoð við heimanám í skólanum.

Gerum upp veturinn í sameiningu.

Hvernig getum við mætt veikleikum okkar með styrkleikum

og breytt ógnunum í tækifæri?

SVÓT – greining. Umræða í 5 manna hópum.

Innri þættir og ytri þættir

Styrkleikar	Veikleikar
<i>Starfsfólk og starfsandi.</i>	<i>Starfsfólk og starfsandi.</i>
*Frábært starfsfólk með fjölbeytta hæfileika	Vantar afleysingarmann í fullt starf
*Jákvætt fólk, hár þolgæðisþröskuldur gagnvart áföllum	Langvinn veikindi / afleysingar. Skapar erfiðan mórál og meira álag á aðra
*Sterkir starfsmenn	Óvissa um mætingu starfsmanna sem eru í leyfi/veikindum. Mætti vera betra upplýsingaflæði um hvenær þeir koma til baka.
*Metnaður	Starfsstöðvar hittast of sjaldan.
*Mannauður	Vantar fleiri tækifæri til samstarfs.
*Starfsmenn sem mæta í vinnu	
*Kröftugt og flott fólk	<i>Nemendur og foreldrar</i>
*Sveigjanleiki starfsfólks	*Stuðningur lítill sem enginn á Tjarnarstíg
*Hlutirnir eru leystir, fólk stendur saman og leysir málin.	*Þröngt um nemendur í Norðurgötu
*Góð stjórnun og utanumhald	*Vantar að foreldrar séu meira innvinklaðir í skólastarfið
*Góður starfsandi	<i>Starf og vinnuaðstaða</i>
*Fólk reynir að standa saman	Staðsetning íþróttahúss á Siglufirði
*Jákvæðni	Gefum okkur út fyrir að vinna að hreysti og heilbrigði en ekki þegar horft er á matreiðslu, hádegismat og nesti barna.
*Hjálpsemi	Nýtt hús of lítið / vantar t.d. geymslurými, sérkennslustofur, ræstingargeymslur.
*Hugsum í lausnum	Óstöðugleiki í samskiptum á milli starfsstöðva
<i>Nemendur</i>	Skipulag húsnaðis
*Jákvæðir nemendur	Of margar stefnur á sama tíma.
*Flottir nemendur	Vantar upp á upplýsingaflæði til þeirra sem ekki sitja deildarfundi.
<i>Starf og vinnuaðstaða</i>	Tvískiptur yngri hópur
*Vinnan í forgangi	
*Gott upplýsingaflæði til kennara	
*Góð aðstaða – húsnaði	
*Vel heppnuð sameining unglunga við 1.-4.b	
*Góð aðstaða	
*Stærð skólans	

Hvernig getum við unnið gegn veikleikum okkar með styrkleikum?

- *Nýta betur mannauðinn – nýta hæfileika hvers og eins.
- *Auka upplýsingaflæði til stuðningsfulltrúa og skólaliða.
- *Skapa tíma í samskipti allra sem við skólann starfa.

* Með því að vera sveigjanleg, vera dugleg að tala saman, vera hreinskilin.

Tækifæri	Ógnanir
Sameina yngri deildir	Neikvætt viðhorf gegn sameiningu
Meiri samvinna milli skóla á sama stigi	Of lítið fjármagn til málaflokksins.
Deildarfundir stigskiptir	Mikil veikindi
Betri nýting á starfsmönnum með sameiningu yngri deilda.	Veðrið
Símenntun	Fjarverur og tímaskortur
Teymisvinna á stigum – yngsta, mið og unglínga	Að tími kostar peninga - peningaleysi
Nýta húsnæði betur í samráði við starfsfólk	Óvissa með vinnumat
Nota og samtvinnu ART og uppbyggingu	Óvissa með starfsmenn næsta árs.
Hlustað á hugmyndir starfsmanna	Skortur á starfsfólki í stuðningi
Fá afleysingarkennara	Skerðing á starfshlutföllum
	Langvarandi álag á starfsfólk.

Getum við breytt ógnunum í tækifæri - hvernig?

*Með auknu samstarfi.

*Stjórnendur verða að upplýsa okkur – við vitum ekki svarið.

*Ráðning afleysingakennara minnkar álag á kennara.